

Fundargerð Aðalfundar 2009

Aðalfundur Skýrslutæknifélags Íslands haldinn á Engjateig 9, jarðhæð 12. febrúar 2009 kl. 15:00- 17:00

Jóhann Gunnarsson var einróma kosinn fundarstjóri og staðfesti hann að fundurinn væri löglegur. Jóhann lagði til að starfsmenn Ský yrðu fundarritarar og var það samþykkt einróma. Hann tilkynnti að fundurinn hefði verið boðaður löglega með 14 daga fyrirvara og væri því löglegur. Samtals mættu 20 félagar.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2008

Magnús Hafliðason, formaður Skýrslutæknifélagsins, flutti skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma. [Sjá hér](#).

2. Skýrslur nefnda og starfshópa

- Orðanefnd, Sigrún Helgadóttir formaður nefndarinnar tók til máls og sagði að starfsemin hefði ekki verið mikil á árinu. Þau höfðu fengið til liðs við sig Arnald Axfjörð og Tryggva Björgvinsson. Það eru til peningar til að bæta Tölvuorðasafnið en það yrði ekki gefið út í bókarformi að svo stöddu. Þau hafa áhuga að setja inn nýtt efni á vef Ský og þarf hún að læra betur á vefinn hjá Guðbjörgu. Tölvuorðasafnið er geymt hjá www.ja.is en verið er að vinna að því að flytja það til Skýrr. Jafnframt benti hún á að Baldur Jónsson nefndarmaður hefði skrifað grein í Morgunblaðið 11. febrúar sem nefnd er "Orð til umhugsunar" og er hún komin á vef Ský. Hann nefndi í greininni að kalla Facebook "Vinamót" en aðrir vildu kalla það að fara inn á Google væri að "Glöggva" og enn aðrir að "guggla".
- Ritnefnd Tölvumála. Þorvarður Kári Ólafsson formaður ritnefndar sagði frá starfi ritnefndar á árinu. Sjá skýrslu [ritnefndar](#).
- UT-konur. Þóra Halldórsdóttir formaður UT-kvenna sagði frá starfi þeirra á árinu og framtíðaráætlunum. Markmið eða þema starfs UT-kvenna þetta árið er að gera myndband um starfsemi UT-kvenna og kynna það fyrir ungu fólki og þá helst ungum stúlkum í upplýsingatækni og hvetja þær til náms í því. [Sjá nánar](#).
- Fókus. Benedikt Benediktsson stjórnarmaður í Fókus félagsóps um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu flutti ársskýrslu Fókus 2008. Sjá ársskýrslu [Fókus](#)
- Öldungadeild. Örn Kaldalóns var fulltrúi öldungadeildar og flutti hann skýrslu hópsins. Örn minnti á að öldungadeildin væri 5 ára á árinu og hvatti aðra en IBM men að koma í hópinn. [Sjá nánar](#).
- Svavar Ingi Hermannsson formaður faghóps um öryggismál flutti skýrslu hans sem var frekar stutt að þessu sinni.
- Sæmundur E. Þorsteinsson formaður faghóps um fjarskiptahóps og fulltrúi Ský í fagráði um fjarskipti á vegum samgönguráðuneytisins var því miður ekki á svæðinu og var því engin skýrsla flutt um starf hópsins.

Umræður voru teknar eftir flutning allra skýrslna og kom ein athugasemd um að í skýrslu stjórnar – viðauka ætti ekki að sérgreina Ráðstefnur og fundi sér og aðrir atburðir á vegum félagsins. Þetta ætti að vera saman og voru fundarmenn sammála með það.

3. Reikningar félagsins fyrir árið 2008

Jóhann Kristjánsson gjaldkeri skýrði og lagði fram reikninga félagsins en verulagt tapð er á félaginu. Reikningarnir voru þeir samþykktir samhljóða. Jóhann talaði um að mikil óvissa væri framundan og hætt við því að ástandið í samfélaginu hefði áhrif á félagið. Svana vildi þakka fyrir hvað vel hefði orðið ágengt að innheimta útistandandi kröfur fyrir félagið. Eggert lagði til að gripið yrði til ráðstafana til að tapið héldi ekki áfram. Magnús svaraði því til að allt sé gert til að spara fyrir félagið. Reynt verði að fá húsaleiguna lækkaða og halda fleiri atburði. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

4. Breytingar á samþykktum félagsins

Engar tillögur voru um breytingar að samþykktum félagsins.

5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2009

Jóhann Kristjánsson lagði fram tillögu stjórnar að óbreyttum félagsgjöldum.

En félagsgjöld eru nú hjá fyrirtækjum:

kr. 21.500 fyrir fyrsta mann, kr. 10.700 fyrir annan mann og fyrir þriðja mann og fleiri kr. 5.400

Einstaklingsaðild er kr. 10.700 en ef viðkomandi er í faghóp er hann kr. 5.400. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

Ákveðið var að ræða betur um gjaldtöku félagsins undir þessum lið og nefndi Þóra Halldórsdóttir formaður UT kvenna að henni myndi að stjórn félagsins ætti að endurskoða struktúrin á gjaldtöku félagsins með því td. að lækka ráðstefnu- og fundargjöld og einnig einstaklingsgjaldið og reyna að fá með því fleiri inn í félagið.

Benedikt Benediktsson frá Fókus tók undir þetta með henni og einnig samsinnti Svana Helen Björnsdóttir þessu. Hún mælti einnig með því að Ský myndi bjóða fyrirtækjum að vera styrktaraðili hjá sér sem yrðu þá auglýsingatekjur og væri þá nafn styrktaraðila auglýst á atburðum félagsins.

Örn Kaldalóns frá öldungahóp Ský mælti með þessu.

Fundarstjóri lagði til við stjórn félagsins að gjaldskrá yrði endurskoðuð þ.e. struktúrin fyrir næsta aðalfund félagsins og var sú tillaga samþykkt.

Tillagan um óbreytta gjaldskrá fyrir árið 2009 var samþykkt af öllum fundarmönnum.

6. Stjórnarkjör

Aðalstjórn

Á aðalfundi 2009 voru þrjú sæti laus í aðalstjórn

Þessir aðilar voru kosnir samhljóða:

Bjarni Sigurðsson gaf kost á sér áfram til tveggja ára

Jón Heiðar Þorsteinsson vildi fara í varamann og var

Hjörtur Grétarsson kosin til tveggja ára

Sæti Ásrúnar Matthíasdóttir er til eins árs og gaf hún kost á sér áfram

Engin mótframboð bárust og er þetta fólk því sjálfkjörið.

Varastjórn

Aðalfundur 2009 þarf að kjósa tvo varamenn til eins árs.

Þessar tillögur að varamönnum eru lagðar fram:

Elín Gränz

Jón Heiðar Þorsteinssonar

Engin mótframboð bárust og er þetta fólk því sjálfkjörið.

Á næsta aðalfundi, 2010 verða þessi sæti laus til tveggja ára;

Ragnheiður Magnúsdóttir til tveggja ára
Sigrún Gunnarsdóttir til tveggja ára
Magnús Hafliðason til formennsku stjórnar Ský og er það til tveggja ára en hann gaf kost á sér á aðalfundi 2008 til tveggja ára.
Ásrún Matthíasdóttir til eins árs

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Jakob Sigurðsson gaf ekki lengur kost á sér sem skoðunarmaður reikninga og í stað hans var tillaga um að Sigurður Bergsveinsson og var það samþykkt samhljóða. Sigurjón Pétursson gat ekki verið á fundinum og er því áfram réttkjörin.

8. Nefndakjör

Þorvarður Kári Ólafsson gaf kost á sér aftur sem *ritstjóri Tölvumála* og var einróma kjörinn.

Siðanefnd var sjálfkjörinn aftur en siðanefnd er kosin til eins árs
Stjórn félagsins skipar Orðanefnd og þess vegna var hún ekki í kosningu hér.

9. Önnur mál

Magnús Hafliðason kvaddi Svönu Helen Björnsdóttur og Jóhann Kristjánsson og þakkaði þeim gott samstarf á liðnum árum.

Fundargerð rituðu:

Pálína Kristinsdóttir og Guðbjörg B. Karlsdóttir, starfsmenn félagsins.